

Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

- Tilskipun um neyðarþendingar, er viðhafa skal á íslenskum skipum*, undirskrifuð af konungi 28. septbr. 1899 (A. nr. 22, bls. 94—97).
- Auglýsing um verzlunar- og siglingasamband milli konungsríkisins Danmerkur og keisaradæmisins Japans*, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 10. oktbr. 1899 (A. nr. 23, bls. 98—113).
- Lög um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl.*, undirskrifuð af konungi 13. október 1899 (A. nr. 24 bls. 114—125).
- Fjárlög fyrir árin 1900 og 1901*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 25, bls. 126—175).
- Lög um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi o. fl.*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 26, bls. 176—185).
- Lög um útflutningsgjald af hvalafurðum*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 27, bls. 186—187):
- Lög um verðlaun fyrir útflutt smjör*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 28, bls. 188—191).
- Lög um viðauka við lög 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899, (A. nr. 29, bls. 192—193).
- Lög um breyting á 1. gr. í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði*, undirskrifuð af konungi 11. nóvbr. 1899 (A. nr. 30, bls. 194—195).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um notkun nýs barnalærdómskvers. — Þjer hafid, herra landshöfðingi, með brjefi, dagsettu 30. maí þ. á., sent hingað erindi, þar sem forlagsbóksali Sigfús Eymundsson í Reykjavík sækir um að hjer með endursent kristilegt barnalærdómskver, er samið hefir presturinn Thorvald Klaveness í Kristjaníu, en þýtt á íslenzku lektor Þórhallur Bjarnarson, verði löggilt til notkunar á Íslandi við undirbúning unglínga undir ferming. Hefir biskupinn mælt með því, og þjer lagt það til, að hið umbeðna verði veitt. Útaf þessu er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að af hálfu ráðaneytisins or ekkert því til fyrirstöðu, að hið umgetna lærdómskver sje notað á Íslandi til undirbúnings ungmenna undir ferming. 127
6. júlí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skýring orðsins »búsettir« í 3. gr. laga nr. 1 frá 8. janúar 1886. Eins og tekið er fram í brjefi ráðaneytisins, dagsettu 19. júní þ. á., viðvíkjandi óvissu þeirri, sem átt hefir sjer stað um skilning á þeim ákvæðum 3. gr. laga 8. janúar 1886, um bluttöku safnaða í veitingu brauða, að kosningarrjettur sje bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi 128
14. nóv.

29. dag desembermánaðar 1899.

Reykjavík. Isafoldarprentsmiðja.

Uppprentað blað.